

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar**  
**vegna Reynivalla II.**

Skipulagsstofnun staðfesti 4. desember 2018 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 9. maí 2018.

Í breytingunni felst að 10 ha af landbúnaðarlandi er breytt í verslunar- og þjónustusvæði, VP45 í landi Reynivalla II. Fyrirhugað er að byggja hótél fyrir allt að 200 gesti og styrkja þjónustu, svo sem með vöru- og eldsneytissölu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 4. desember 2018.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

*Ottó Björgvin Óskarsson.*